

ingar á því prestakalli, er hann síðast sókti um, er það nú hefir verið laust í tvö ár og enginn sókt um það.

1870.

8. febrúar.

Útaf þessu kunnngjörist yður til leiðbeiningar og frekari auglýsingar, að stjórnarráðinu virðist ekki vera ástæða til að gefa gaum að þessari umkvörtun og fyrirspurn.

8. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að íslenzka og prenta tiltekna guðfræðisbók.

8. febrúar.

Í bréfi, dagsettu 5. októbr. f. á., hafið þér, herra stiptyfírmadur, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað, ásamt tveimur álitsskjölum frá skólameistara við hinn lærða skóla í Reykjavík, Jens Sigurðssyni, bænarskrá frá prestaskólakandidat Eiríki Briem í Reykjavík, um styrk til að snúa á íslenzku bók eptir Dr. *F. G. Lisco*, sem heitir „*den kristelig-apostoliske Troesbekjendelse*“, og nú er höfð við kennslu í guðfræði í hinum lærða skóla, og að þessi styrkur verði látinn vera 12 rd. fyrir hverja örk; er ætlað, að útlekkingin verði hërumbil 20 eða 22 arkir að stærð, og yrði bókinn síðan höfð sem kennslubók við skólann.

Útaf þessu er yður hërmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér kunnngjöríð það, að stjórnarráðið er ekki frásnúið því, eptir því sem ástatt er, að veita beiðandanum styrk þann, er hann hefir sókt um, til að snúa nefndri kennslubók á íslenzku, og skal yður því falið á hendur að vísa til styrks þessa af því fe, sem veitt er í 20. gr. VI. C. í fjárhagslögnum, þegar handritið er búið, og skólameistarinn hefir látið sér lynda, hvernig frá því er gengið; þó skal stjórnarráðið enn fremur láta í ljósi, að það verður að álíta, að svo stór bók, sem til er ætlazt að þetta rit verði, sè of yfirgripsmikil til kennslu við hinn lærða skóla, og býst því við, að útlekkingin verði stytt svo mikið, að bókinn með engu móti verði meiri en 16 arkir.